

Hestamannafélagið Glæsir  
b.t. Haraldar Marteinsonar,  
formanns stjórnar  
Hafnartúni 8  
580. Siglufirði

*Bréfinungis sent rafrænt á netfangið haraldur@rammi.is*

Fjallabyggð, 10. febrúar 2022

Málsnr. 2109041 / EP

## ***Efni : Svar við kröfu hestamannafélagsins um bætur vegna innköllunar á landi.***

### *Forsaga.*

Með bréfi dagsettu 2. september 2021 óskaði Hestamannafélagið Glæsir eftir fundi með bæjarráði vegna mála er m.a. sneru að framkvæmd samnings aðila frá 23. september 2013 er varðaði bætur vegna innköllunar á 10,8 hektara landi sem félagið hafði haft til umráða samkvæmt ræktunarsamningi dagsettum 25. maí 2009.


Forsvarmenn félagsins mættu á fund bæjarráðs 30. september 2021 og fóru yfir sjónarmið félagsins er sneru að meintum vanefndum sveitarfélagsins á samningi frá 2013 ásamt og að halda því fram að umræddar vanefndir geri samninginn í raun ógildan og því skuli taka aftur upp samtal varðandi bætur vegna samnings frá 2009. Einnig var á fundinum farið yfir óánægju félagsins með snjómokstur á aðkomuleiðum að svæði félagsins. Ekki verður fjallað um framkvæmd moksturs í bréfi þessu enda telst það mál leyst með þeim hætti að fundað hefur verið með forstöðumanni þjónustumiðstöðvar um framkvæmd snjómokstur.

Á ofangreindum fundi fól bæjarráð undirrituðum og deildarstjóra tæknideildar að fara yfir athugasemdir sem komu fram á fundinum og samninginn við hestamannafélagið frá 2013 og leggja fyrir bæjarráð. Yfirferð undirritaðs og deildarstjóra tæknideildar fólst í skoðun skjala, fyrri samskipta og fundarhöldum með forsvarsmönnum hestamannafélagsins.

*Svör er varða einstakar greinar samnings aðila er varðar bætur fyrir innköllun á landi.*

Eftirfarandi eru athugasemdir og skýringar við einstök atriði í erindi/athugasemdum Haraldar Marteinsonar dags. 07.01 2022, tölusettar í samræmi við tölusetningu erindis.

**1. gr.** Umrætt hólf var sannanlega afhent í september 2013 og nýtti hestamannafélagið það um haustið. Ljóst er því að hestamannafélagið viðurkennir að hólfið hafi verið afhent og það notað árið 2013. Ekki er hér tekin afstaða til annarra atriða í athugasemd við þetta



atriði enda ekki á ábyrgð sveitarfélagsins að moka snjó að hólfinu, einnig er sú ákvörðun að nýta hólfíð ekki á ábyrgð félagsins en ekki sveitarfélagsins.

**2. gr.** Umrætt hólf var afhent á sama tíma og hólfíð sem girt var í Skútudal (1.gr.). Meðfylgjandi er reikningur sem ber vitni um að Fjallabyggð greiddi verktaka fyrir að girða hólf skv. 1 og 2 grein samningsins.

**3. gr.** Svæðið hefur ekki verið girt af og því ekki afhent til hestamannafélagsins. Sveitarfélagið mun bæta úr því á komandi vori.

**5. gr.** Fjallabyggð hefur uppfyllt þessa grein. Athugasemd félagsins snýr að skorti á viðhaldi en Fjallabyggð ber ekki ábyrgð viðhaldi á reiðveginum skv. samningi.

**6. gr.** Fram hafa komið athugasemdir við ástand vegar og snúningsplan við beitarrhólf í Hólsdal (*austan Hólsár, sjá fskj. 3 með samningi*), vegur og snúningsplan verður lagfært í vor.

**7. gr.** Reiðstígurinn sem gerður var austan við Fjarðará er ekki teiknaður inn á deiliskipulag svæðis í Hólsdal. Mögulegt að setja reiðveginn inn á deiliskipulag og vilji til þess af hálfu sveitarfélagsins ef fram kemur um það ósk frá félaginu. Reiðvegir sem skilgreindir eru á skipulagi eru aðgengilegir á heimasíðu Fjallabyggðar.

*Farið er inn á [kortasjá Fjallabyggðar](#) og hakað í reitinn skipulag og þannig er hægt að skoða öll gildandi skipulög í Fjallabyggð.*

**9. gr.** Með vísan til athugasemda við 1. og 2. gr. þá er ekki hægt að fallast á athugasemd félagsins hvað það varðar, athugasemdin á rétt á sér hvað varðar 3. gr. Í athugasemdum frá hestamannafélaginu er viðurkennt að hólfíð í Skútudal hafi verið notað fyrsta haustið eftir að búið var að girða og sýnt hefur verið fram á að hólf sem rætt er um í 2. gr. hafi sannanlega verið gert og afhent á svipuðum tíma og hólf í Skútudal. Ekki verður fallist á að hestamannafélagið hafi ekki verið meðvitað um að búið væri að girða hólf skv. samningnum.

*Lúkning atriða sem út af standa í samningi frá 2013 og getið er hér að ofan.*

Hvað varðar þau atriði sem talin eru hér að ofan og þarfnast úrbóta þá samþykkti bæjarráð á fundi sínum þann 27. janúar sl. að fela *deildarstjóra tæknideildar að láta framkvæma þau atriði sem út af standa, framkvæmdum skal lokið fyrir miðjan júní 2022.*

*Almennt um vanefndir og gildi samnings frá 2013.*

Ekki er hægt að fallast á það sjónarmið félagsins að vanefndir séu óumdeildar né að þær séu verulegar enda komu þau sjónarmið sveitarfélagsins skýrt fram á fundi í byrjun janúar. Frekar er hægt að tala um smávægilega hnökra á framkvæmd sem vilji sveitarfélagsins stendur til að bæta úr líkt og fram kemur hér að ofan.



Því er hér, líkt og gert var á fundi aðila 4. janúar sl., harðlega mótmælt að ofangreind atriði sem upp á sveitarfélagið standa geti valdið því að samningur aðila frá 2013 sé með einhverjum hætti fallinn úr gildi hvað þá að samningur sem hann leysti af og bætti hafi með einhverjum hætti öðlast nýtt líf og gildi. Að öðru leiti er vísað til fundargerðar og fyrrgreindra samninga varðandi þetta sjónarmið félagsins.

Að lokum vill undirritaður fagna þeim vilja sem fram hefur komið á fundum aðila þess efnis að félagið vilji vinna í sátt við sveitarfélagið og væntir þess að framhald samstarfs verði í anda þess sem m.a. kom fram í máli undirritaðs á fyrrnefndum fundi aðila, þ.e. að aðilar sameinist um að horfa til framtíðar og eflingar hestamennsku í sveitarfélaginu.

virðingarfyllst.

Elías Pétursson

bæjarstjóri

#### Fylgiskjöl

1. Erindi hestamannafélagsins Glæsis, dags. 15.09 2021
2. Ræktunarsamningur milli aðila, dags. 25.05 2009
3. Samningur um bætur vegna innköllunar, dags. 23.09 2013
4. Minnisblað deildarstjóra tæknideildar, dags. 15.09 2021
5. Minnisblað, Samningur við Hestamannafélagið Glæsir, uppfært 28.12.2021
6. Fundargerð fundar með hestamannafélaginu Glæsi 4 jan. 2022
7. Athugasemdir formanns félagsins við minnisblað dags. 07.01 2022
8. Reikningur vegna girðingarvinnu Hólsdal og Skútulönd 13.10 2013
9. Fundasaga vegna máls 2109041